

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 3. desember 2007.

Efni: Frumvarp til laga um brotfall laga nr. 134/1993 um iðnaðarmálagjald (11. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er ætlað að leggja niður iðnaðarmálagjald.

Viðskiptaráð hefur áður skilað inn umsögn um framangreint frumvarp, sbr. meðfylgjandi umsögn ráðsins dags. 29.12.2006. Niðurstaða þeirrar umsagnar var að fyrirkomulag sem þetta, þ.e. nokkurs konar skylduaðild að Samtökum Iðnaðarins, stæðist ekki þau markmið sem félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar stefnir að.

Sú afstaða Viðskiptaráðs hefur ekki breyst, enda er það almennt mat ráðsins að hagsmunasamtök atvinnugreina og starfsstétta, hverju nafni sem þau nefnast, eigi ekki að njóta lögbundinna tekna. Hvetur ráðið þannig til að öll sambærileg gjöld verði felld niður og umræddum hagsmunasamtökum þannig falið að starfa á grundvelli frjálstrar félagsaðildar.

Viðskiptaráð tekur undir sjónarmið greinargerðarinnar að æskilegri leið til að efla iðnaðinn sé að leyfa iðnfyrirtækjum að halda eftir gjaldinu. Það sjónarmið að skattlagning geti á einhvern hátt stuðlað að eflingu og þróun atvinnuvega er einfaldlega úrelt.

Viðskiptaráð leggur því til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs